

## Próun gátlista út frá ICF hugmyndafræði.

Ólöf H. Bjarnadóttir læknir, Hafdís Gunnbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur, Maggý Magnúsdóttir félagsráðgjafi, Anna S. Smáradóttir sjúkraþjálfari, Margrét H. Theodórsdóttir iðjuþjálfari, Þórunn H. Halldórsdóttir, talmeinafræðingur.  
Hæfingarsvið, Reykjalundi.

### Samantekt:

Forsaga þessa verkefnis er að læknar er sinna langveikum og/eða fötluðum börnum og læknar er sinna endurhæfingu fullorðinna hafa rætt saman um hvernig megi betur skipuleggja þjónustu við þennan hóp eftir 18 ára aldur. Þessi hópur er allstór, en eftir að eftirfylgd barnalækna líkur hafa þessir einstaklingar ekki átt neinn ákveðinn samastað í kerfinu fram að þessu.

Hæfingarsvið Reykjalundar tók að sér það verkefni að meta þjónustubörf tíu einstaklinga sem orðnir eru 20 ára og höfðu áður fengið þjónustu á barnadeild LSH og/eða Greiningarstöð. Gerður var gátlisti með spurningum er lúta að eftirtöldum meginflokkum: heilsa, líkamsstarfsemi, hreyfanleiki, eigin umsjá, vinna/nám, þátttaka/heimilislíf/ferðir, tjáskipti og hjálpartæki/stuðningur. Við uppsetningu gátlistans var notuð hugmyndafræði og uppbygging ICF (International Classification of Functioning and Health) greiningar- og flokkunarkerfisins. Með spurningunum var leitast við að fá þverfaglegt stöðu- og greiningarmat á færni einstaklingsins. Matið var gert með stuttu viðtali, þar sem tveir fagaðilar hittu viðkomandi einstakling með aðstandanda og fóru yfir spurningar gátlistans. Samhliða var unnið mat út frá almennu áhorfi ef þörf var á. Síðan voru niðurstöður ræddar af öllum fagaðilum á teymisfundi, unnið niðurstöðumat og gerð áætlun varðandi úrlausnir/meðferð sem síðan var miðlað í útskriftarviðtali.

Í þessu erindi verður rætt um gerð gátlistans og hvernig ICF hugmyndafræði og flokkunarkerfi getur hjálpað okkur við að lýsa færni fólks, greina endurhæfingarbörf sem og að miðla upplýsingum um heilstætt þverfaglegt mat.

### Heimild:

International Classification of Functioning, Disability and Health (ICF)  
<http://www.who.int/classifications/icf/en/>